



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

## Fundargerð Skólanefnd

### 23.fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla mánudaginn 31.mars kl.15:30.

Mætt voru: Þuríður Helgadóttir formaður, Eyþór Pétursson, Þórhalla Valgeirsdóttir, Friðrik Jakobsson og Agla Rögnvaldsdóttir. Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla og Tónlistarskóla, Hólmfríður Jónsdóttir fulltrúi kennara og Sigríður Sigmundsdóttir fulltrúi foreldra sátu lið 2.

1. **Fundarsetning.** Formaður setur fund og tekur að sér að rita fundargerð.

2. **Reykjahlíðarskóli / Tónlistarskólinn**

#### a) Skólaárið 2014 – 2015

**Tónlistarskóli:** Engin ákvörðun liggur fyrir um kennara eða kennslutilhögun fyrir næsta vetur. Í vetur hefur verið hægt að anna eftirspurn með því að stytta tíma hvers nemanda úr 30 mín í 20 mín á mann tvisvar í viku. Skólanefnd leggur til að umsóknir í tónlistarskóla fyrir haustönn 2014 verði fyrir skólalok nú í vor. Með því móti er hægt að kanna þörfina og finna viðeigandi lausnir á kennslufyrirkomulagi með góðum fyrirvara.

**Reykjahlíðarskóli:** Sólveig lagði fyrir magn og kennslufyrirkomulag skólaárið 2014-2015. Skólanefnd leggur áherslu á að ákveðið verði í vor um skólaakstur næsta vetur svo hægt verði að bjóða aksturinn út með góðum fyrirvara og að reynt verði eftir fremsta megni að lengja ekki viðveru þeirra barna sem lengst eiga að.

Eins og staðan er í dag verður enginn nemandi í 1. bekk næsta vetur og heildarnemendafjöldi er áætlaður 28 börn. Því leggur skólastjóri til að námshópar verði 3 en ekki 4 eins og er í ár. Núverandi stuðningfulltrúi hættir vegna aldurs og leggur skólastjóri til að ekki verði ráðinn annar í staðinn heldur verði samið við kennara um að taka stuðning að sér. Skólanefnd styður þessar tillögur og ekki síður þá tillögu að fjölga dögum í íþróttahúsi úr 3 í 4 og efla þannig líkams-og heilsuvitund nemenda.

Skólanefnd gerir engar athugasemdir við fyrirlagt skóladagatal ársins 2014-2015

**b) Heilsueflandi skóli – framkvæmd:** Stýrihópur verkefnisins ákváð að byrja að taka á matarræði. Matseðill fyrir febrúrar og mars var sendur til næringarfræðings til yfirlestrar, nokkrar smávægilegar athugasemdir voru gerðar og tekið tillit til þeirra. Einnig hefur verið gerð sú breyting í matsal að nú skammta börnin sér sjálf úr hitaborðinu, nema börnin í 1. bekk sem fá matinn á borðið. Þetta hefur mælst vel fyrir og minna er hent af mat en áður. Næsta verkefni stýrihópsins er að gera næringarstefnu fyrir grunnskólann.

**3. Skólastefnan.** Skólastefna fyrir alla skólana þ.e. Leikskólann Yl, Reykjahlíðarskóla og Tónlistarskóla Mývatnssveitar ætti nú að liggja fyrir eftir þessa síðustu yfirferð. Skólastefnan fylgir með þessari fundargerð.

**4. Önnur mál** voru engin.

**Fundi slitið**